

Kópavogur 22-02-2018

Til Þjóðveldisfólks og allra sem það styðja.

Vegna margítrekaðra ásakana þess efnis að innan Þjóðveldis hafi Frímúrara verið að störfum og jafnvel að ég sé Frímúrari, eins það að Frímúrarar hafi yfirtekið þessa hugsjón með fjandsamlegri yfirtöku (nýjustu ásakanir) sem ekki eru réttar, því sé ég mig knúinn til að setja þessar línur á blað.

Fyrir það fyrsta hef ég séð þann hreinleika sem falist hefur í þessari hugsun og hugsjón, ásamt því að þarna sé komið nýtt afl fram sem hjálpað gæti okkur útúr spillingu og neikvæðum stjórnunarháttum sem viðgengist hafa á Íslandi og í heiminum öllum. Stjórnarskrá Þjóðveldis var tekin saman af Guðjóni Hreinberg og ber að virða þá vinnu, enda hef ég aldrei dregið dul á að þetta væri hans verk.

Ég hef undanfarna mánuði barist fyrir því að halda ljósinu logandi í kringum Þjóðveldið þrátt fyrir ásakanir um annað og að þarna hafi átt sér einhver yfirtaka, sem ég fæ ekki skilið.

Ég legg það ekki í vana minn að fara í skítkast, hvað þá að fara niður í sandkassaleikinn, eða leðjuslaginn. Fyrir mér var þetta hugsjón um betra Ísland og betri starfshætti ásamt betri aðkomu borgara þessa lands að stjórnun landsins sem og allri ákvarðanatöku.

Mér er spurn hvort þeir aðilar sem hafa verið með þessar ásakanir hafi í raun og veru stillt þessu upp til þess eins að geta svo komið eftirá og sagt að þetta sé eitt stórt samsæri, og klingja svo út með því að segja “I told you so”. Því er það spurn hver þeirra trúverðugleiki, traust og framtíðarsýn

Mér er til efs að aðilar sem vilja telja sig greinendur og að rýna í samfélagsmál geti staðið undir því trausti sem þeir þurf að hafa. Og enn og síður þegar viðkomandi aðilar ráðast að persónulegum, einkamálum og einkahögum undirritaðs, tel ég því þá vart geta staðið undir nafni né trausti.

Af áðursögðu segi ég hér með af mér sem Lögsögumaður endurreist Þjóðveldis og mun hætta öllum afskiptum og störfum með þeim félagsskap.

Ég óska þeim sem taka við kefli endurreist Þjóðveldis velfarnaðar og góðs gengis, og vona að þeir nái að gera það að þeirri hugsjón og afli sem því ber. Og tel afar ólíklegt að Frímúrar muni skipta sér af frekar en hingað til.

Með vinsemd og virðingu.

Ragnar Sigurðsson Proppé.